



## Launastefna Landbúnaðarháskóla Íslands

Markmið Landbúnaðarháskóla Íslands er að búa starfsfólki sínu góð og sanngjörn launakjör, starfsskilyrði og starfsaðstöðu svo að háskólinn sé samkeppnishæfur um að ráða til sín og halda hæfu starfsfólki.

Laun skulu ákvörðuð á grundvelli hlutlægra og gagnsærra mælikvarða og taka mið af þeim kröfum sem störf útheimta um menntun, þekkingu, hæfni og ábyrgð. Launakerfi skal tryggja samræmi í ákvörðun launa og réttláta launaröðun starfsfólks.

Launastefnan er í samræmi við starfsmannastefnu Landbúnaðarháskóla Íslands. Háskólaráð og rektor bera, sem æðstu stjórnendur, ábyrgð á launastefnunni. Mannauðs- og gæðastjóri, í umboði framangreindra aðila, ber ábyrgð á framfylgni launastefnunnar og að starfsfólk og stjórnendur þekki og tileinki sér inntak stefnunnar.

Launastefna þessi er órjúfanlegur hluti af jafnlaunastefnu Landbúnaðarháskóla Íslands.

*Samþykkt af háskólaráði 30. október 2019*